



Fréttabréf

Sagnfræðingafélags Íslands

Mars 2011 nr. 154

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Njörður Sigurðsson

njordur@hive.is

AÐALFUNDUR SAGNFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS

29. MARS 2011

Aðalfundur Sagnfræðingafélags Íslands
Þriðjudaginn 29. mars í Þjóðskjalasafni Íslands kl. 19.00

Dagskrá

1. Ársskýrsla stjórnar kynnt og lögð fram til samþykktar.
2. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins kynntir og lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun árgjalds fyrir næsta starfsár.
4. Lagabreytingar.
5. Kjör stjórnar. Kjör tveggja endurskoðenda reikninga og tveggja fulltrúa í Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga til eins árs.
6. Önnur mál.

Fræðsluerindi

Lára Magnúsdóttir, sagnfræðingur, flytur erindi á aðalfundi Sagnfræðingafélagsins. Hefst fræðsluerindið strax að loknum aðalfundarstöfum eða kl. 20 í Þjóðskjalasafni. Erindi sitt nefnir hún „Sifjafræði rannsóknarskýrslu og afsökunarbeiðni. Genin úr bannfæringu.“ Í erindinu fjallar Lára um á hvaða hátt niðurstöður rannsókna hennar á miðaldasögu varpa ljósi á pólitíska umræðu samtímans. Hún beinir sjónum sínum að aðferðum til að leysa deilur og ljúka ágreiningsmálum, sérstaklega að hugtakakerfi skriftasakramentisins og

bannfæringar sem er grunnurinn að vestrænum refsirétti. Saga hugtakanna sýnir nýja hlið á opinberri afsökunarbeiðni, rannsóknarskýrslum, hugtakinu „græðgi“ og ef til vill fleiri atriðum, svo sem framvirkum rannsóknarheimildum og síðanefndum.

Léttar veitingar

Sagnfræðingafélagið býður upp á léttar veitingar á milli aðalfundarstarfa og fræðsluerindis.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta, taka þátt í starfi félagsins og eiga góða stund með öðrum sagnfræðingum.

Skráning á Gammabrekku, póstlista Sagnfræðingafélags Íslands er á slóðinni:

<http://listar.hi.is/mailman/listinfo/gammabrekka>

Hægt er að sjá eldri skeyti á slóðinni:

<http://listar.hi.is/mailman/private/gammabrekka/>

BÓKAFUNDUR 2011

Árlegur bókafundur Sagnfræðingafélags Íslands og Sögufélags var haldinn í húsi Sögufélags í Fischersundi fimmtudaginn 27. janúar 2011. Fundurinn var öllum opin og rúmlega 80 manns mættu á staðinn. Húsið var troðfullt hús og þurftu gestir að standa þegar flest var.

Eins og undanfarin ár tilnefndu stjórnir beggja félaga nokkur ný fræðirit og síðan var kosið í stjórnnum félaganna um þessi verk en ekki var hægt, tímans vegna að taka fyrir fleiri en fjögur verk á fundi sem þessum. Fundarformið á þessum fundum er í föstum skorðum og fá gagnrýnendur 15 mínútur fyrir gagnrýni og yfirferð á verkinu og síðan fær höfundur þess fimm mínútur til að bregðast við gagnrýni og nokkrar mínútur til að svara spurningum úr sal. Að þessu sinni voru eftirfarandi rit til umfjöllunar:

Gunnar Thoroddsen. Ævisaga eftir Guðna Th. Jóhannesson.

Saga hjúkrunar á Íslandi á 20 öld eftir Margréti Guðmundsdóttur.

Þóra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar eftir Sigrúnu Pálsdóttur.

Sovét-Ísland. Óskalandið eftir Þór Whitehead

Anna Agnarsdóttir forseti Sögufélags bauð gesti velkomna og ræddi gróskuna í bókaútgáfu og hlut sagnfræðinga í henni og því næst skipaði hún Njörð Sigurðsson stjórnarmann í Sagnfræðingafélaginu fundarstjóra.

Fyrsta bókin á dagskrá kvöldsins var *Gunnar Thoroddsen. Ævisaga* og það var Ólafur Þ. Harðarson stjórn málafræðingur sem fjallaði um hana. Ólafur talaði um áhuga sinn á ævisögum og sérstaklega ævisögum stjórn málamanna. Hann nefndi nokkrar merkilegar erlendar og innlendar ævisögur sem hann taldi hafa mikið gildi sem oft vörpuðu ljósi á liðna atburði og greindu frá öðrum áður ósögðum. Hann sagði ævisögur, þar sem góð og nákvæm heimildavinna stæði á bakvið, vera kennslubækur. Ólafur fagnaði mjög ævisögu Gunnars sem hann taldi merkilegt innlegg í íslenska stjórn málasögu og óskaði höfundinum, Guðna Th. Jóhannessyni, til hamingju með bókina og einstaklega vel unnið og merkilegt verk. Höfundurinn, Guðni, steig í pontu

og þakkaði Ólafi hlý orð og rakti svo í stuttu máli heimildirnar og vinnuferlið við gerð bókarinnar. Þeir ræddu um hvílikur fengur það yrði ef sá möguleiki kæmi upp að skrifuð yrði ævisaga Geirs Hallgrímssonar og stuðst við álíka heimildir og í umræddri ævisögu Gunnars.

Næst á dagskrá var bók Margrétar Guðmundsdóttir *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20 öld*. Tilefni þess að ákveðið var að skrá sögu Hjúkrunarfélags Íslands var 90 ára afmæli félagsins og var skipuð ritnefnd sem réði svo Margréti Guðmundsdóttur sagnfræðing til verksins. Erla Doris Halldórsdóttir hjúkrunarfræðingur og doktorsnemi í sagnfræði rakti efni bókarinnar og taldi þá heimildavinnu sem liggur að baki bókinni mjög góða. Hún gat sérstaklega um stöðu danskra hjúkrunarkvenna á Íslandi og tengsl þeirra og íslenskra hjúkrunarnema sem sóttu nám til Danmerkur. Hún vakti athygli á að stofndagur félagsins væri nokkuð á reiki og hún taldi það ókost við annars mjög vandað og metnaðarfullt verk að þeim karlmönnum sem lærðu hjúkrun og störfuðu við hana væru ekki gerð nægjanleg skil og áherslan á að þetta væri kvennastétt of áberandi. Höfundurinn fékk rúman tíma til að svara þessari gagnrýni og sagði það sína skoðun að miðað við hve fáir karlmenn hefðu lagt hjúkrun fyrir sig væri vægi þeirra í bókinni eðlilegt.

Að lokinni umfjöllun um tvær fyrstu bækurnar var gert hlé og gafst fundargestum kostur á að njóta góðra veitinga og ræða saman.

Fyrra verkið á dagskránni eftir hlé var *Þóra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar* eftir Sigrúnu Pálsdóttur. Ármann Jakobsson bókmenntafræðingur fjallaði um bókina og haldi henni mjög bæði útliti og innihaldi. Hann rakti ágæta heimildavinnu höfundar og lýsti ánægju sinni með fjarlægð höfundar við viðfangsefnið og hann sagði höfund ekki falla í þá gildru að sogast inn í þriðju persónu frásögn bókarinnar. Þetta gerði það að verkum að stillinn væri kuldalegur en það virkaði í þessari bók. Ármann varpaði fram nokkrum spurningum til höfundarins, m.a. um hvort titill verksins væri íronískur. Sigrún svaraði spurningum Ármanns og athugasemdum úr sal en ljóst var að þeir sem tjáðu sig um verkið voru allir hæst ánægðir með það.

BÓKAFUNDUR 2011

Fjórða og síðasta bókin sem var tekin til umfjöllunar var *Sovét-Ísland. Óskalandið* eftir Þór Whitehead. Egill Ólafsson sagnfræðingur og blaðamaður gagnrýndi bókina og taldi Þór gera of mikið úr rýrum heimildum og oftúlka atburði. Egill byggði hluta gagnrýni sinnar á vel þekktum skrifum Jóns Ólafssonar um þau málefni sem eru uppistaða bókarinnar. Þór svaraði gagnrýninni og sagði skrif sín byggja meðal annars á upplýsingum væru í nýrri noskri doktorsritgerð og ekki væri ástæða til að halda að þeir Íslendingar sem fóru til náms í Moskvu hefðu fengið aðra kennslu en aðrir Norðurlandabúar. Áheyrendur í sal vörpuðu vel ígrunduðum spurningum til Þórs og fengu svör frá höfundi.

Formlegum bóka fundi lauk kl. 22:40 en eftir fundinn ræddu fundarmenn um hvort nú væri ekki komið að því að Sagnfræðingafélag Ísland stæði fyrir ráðstefnu um kommúnismann á Íslandi því að á allra síðustu árum hafa nýjar rannsóknir um það efni litið dagsins ljós. Þessu er hér með komið á framfæri við stjórn Sagnfræðingafélagsins.

Að mati þeirrar sem þetta skrifar var þetta einn allra besta bóka fundur sem haldinn hefur verið.

Þórunn Guðmundsdóttir

TILNEFNDIR SAGNFRÆÐINGAR TIL VERÐLAUNA

Anna Agnarsdóttir forseti Sögufélags sagði í ávarpi sínu við upphaf Bókafundar Sagnfræðingafélagsins og Sögufélags 2011, að það veki athygli þau mörgu og áhugaverðu verk eftir sagnfræðinga sem hefði komið út á árinu 2010. Nokkur verk sagnfræðinga sem tilnefnd eru til verðlauna má sjá hér fyrir neðan.

Eftirfarandi verk sagnfræðinga voru tilnefnd til **Íslensku bókmenntaverðlaunanna**.

Flokkur fræðiverka og rita almenns efnis:
Guðni Th. Jóhannesson: *Gunnar Thoroddsen. Ævisaga*.

Margrét Guðmundsdóttir: *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld*.

Sigrún Pálsdóttir: *Þóra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar*.

Tilnefnd til sömu verðlauna í flokki skáldverka:
Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir: *Mörg eru ljónsins eyru*.

Tilnefnd til **Menningarverðlauna DV** fyrir fræðirit:

Unnur Birna Karlsdóttir *Þar sem fossarnir falla. Náttúrusýn og nýting fallvatna á Íslandi 1900–2008*.

Meðal þeirra höfunda sem eru tilnefndir til viðurkenningar **Hagþenkis**, félags höfunda fræðirita og kennslugagna fyrir verk sín eru sagnfræðingarnir:

Guðni Th. Jóhannesson: *Gunnar Thoroddsen. Ævisaga*.

Sigrún Pálsdóttir: *Þóra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar*.

Unnur Birna Karlsdóttir: *Þar sem fossarnir falla. Náttúrusýn og nýting fallvatna á Íslandi 1900–2008*.

Tilnefnd til **Fjöruverðlaunanna 2011**, bókmenntaverðlauna kvenna, veitt af Rithöfundasambandi Íslands:

Sigrún Pálsdóttir: *Þóra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar*

Sagnfræðingafélagið óskar öllum þessum frábæru fræðimönnum til hamingju með tilnefningarnar.

AUMASTIR ALLRA?

Fyrir tæpum 30 árum hvatti Björn heitinn Þorsteinsson prófessor sagnfræðinga til samstöðu og dáða og vísaði m.a. til fordæmis Brigitte Bardot sem hafði þá barist einarðlega fyrir friðun selkópa – sagnfræðingum vantaði þessa köllun dýravinarins að mati Björns. Hann taldi það helst vera í skjala- og heimildamálum sem úrbóta væri þörf. Miðvikudaginn 10. nóvember 2010 var haldin fundur um starfsvettvang sagnfræðinga undir titli Björns, að vísu með viðbættu spurningarmerki, „Aumastir allra?“

Það var Sagnfræðingafélag Íslands sem stóð fyrir umræddum fundi og mætti því spyrja hvort sjálfsmynd sagnfræðinga sé eitthvað löskuð? Líta sagnfræðingar á sig sem annars og þriðja flokks? Eða er þetta bara góðlátlegt grín í góðra vini hópi? Ef marka má kjarakönnun sem gerð var meðal sagnfræðinga haustið 2009 gera sagnfræðingar að meðaltali minni launakröfur en aðrar stéttir fræðimanna og uppskera enn minna en það sem þeir þó biðja um. Þeir sem greiða fyrir vinnu sagnfræðinga virðast þannig ekki álíta vinnuna mikils virði, sem sagnfræðingum gremst, en á sama tíma selja sagnfræðingar sig undir opinberum viðmiðunartöxtum höfundu fræðiritu og kennslugagna. Yfirskrift áður nefnds fundar er með öðrum orðum nokkuð viðeigandi, þó sorglegt sé.

Sennilega kannast allt hugvísindafólk við spurningar um hvað það ætli að gera við menntun sína. Í spurningunni felst oft að viðfangsefnið geti mögulega verið mjög áhugavert og skemmtilegt en lítt nytsamlegt eða gagnlegt, nema viðkomandi ætli að verða kennari. Ef til vill ætti mér sem sögukennara að sárna svona spurningar (enda benda þær til þess að ef eitthvað gæti nú verið verra en sagnfræðingur þá sé það sögukennari) en ég bregst þó gjarnan við með að benda á margvísleg önnur störf sem sagnfræðingar gegna með þryði áður en ég lýsi yfir ánægju minni með starfsvettvang minn.

En geta sagnfræðingar eitthvað og eru þeir til einhverja hluta nytsamlegir? Þessu velti Már Jónsson, sagnfræðiprófessor, fyrir sér í stuttu erindi á áður nefndum fundi. Hann var á því að vissulega kynnu sagnfræðingar eitt og annað fyrir sér í praktískum og gagnlegum málum og sagði það meðal annars sýna sig í þeim fjölbreyttu störfum sem sagnfræðingar gegna utan hinna

hefðbundnu sagnfræðistarfa (svo sem kennslu, minja- og skjalaverðir auk fræðimennsku). Sagnfræði væri þannig breið og góð menntun sem nýttist mönnum á ýmsum vígstöðum. Má fannst staða sagnfræðinga þannig ekki vera sérstakt áhyggjuefni, allir sagnfræðingar væru í góðum málum. Þá vísaði hann til evrópska rannsókna sem bentu til þess að auk þekkingaratriða þá byggju sagnfræðingar yfir sérstakri færni og hæfni – og þessi atriði væru í raun grunnþekking útskrifaðra sagnfræðinga. Að lokum vísaði Már til hugmynda Páls Skúlasonar um að sagnfræðingar ættu að búa til nýja sjálfsmynd þjóðarinnar, líkt og gert var á 19. öld, og sagði að þetta væri sjálfsagt eitthvað sem sagnfræðingar gætu vel gert en væri sennilega ekki eitthvað sem þeim þóknaðist að gera.

Súsanna Margrét Gestdóttir, framhalds- og háskólakennari, sagði „Sælt er víst sögu að kenna“ í sínu erindi á sama fundi. Í framhaldsskólum landsins eru um 90 sögukennarar og á undanförunum fimm árum hafa innan við tíu af þeim 25 sagnfræðingum sem hafa lokið kennsluréttindánami (hjá Margréti og fleirum) fengið vinnu á framhaldsskólastigi. En það þýðir líka að margir hafa farið að kenna í grunnskólum eftir sagnfræði- og kennsluréttindamenntun sem styrkir tvímælalaust grunnskólastigið að sögn Margrétar því þarna kemur inn fólk með djúpa fagþekkingu. En í samanburði við aðra háskólamenntun á hug-, hag- og félagsvísindasviðum skilar sagnfræðin af sér fólki sem er vel að sér í vinnubrögðum og eru sagnfræðingar með kennsluréttindi því nokkuð eftirsóknarverður hópur að mati Margrétar. Sem er ágætt því sælan er svo mikil í sögukennslu að fáir nýir komast þar að.

Magnús Lyngdal Magnússon sviðsstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs RANNÍS og Hrefna Róbertsdóttir sviðsstjóri skjalasviðs Þjóðskjalasafns Íslands héldu líka erindi á þessum kvöldfundi og voru bæði á því að nám í sagnfræði væri nokkuð gagnlegt og nýttist fólki vel hvort heldur er í sjálfstæðri fræðimennsku, á söfnum eða í öðrum starfsgreinum. Niðurstaða fundarins var þannig nokkuð eindregið nei svar við spurningunni sem sett var fram, sagnfræðingar og nám þeirra fengu þannig góða einkunn fyrirlesara. Sem er forvitnilegt í samhengi við það sem áður var sagt um kjör sagnfræðinga – erum við vel búin í að sinna fræðistörfum, kennslu, skjala-

AUMASTIR ALLRA?

stjórnun, minjasöfnum og mörgu fleiru en gerum ekki kjarakröfur í samræmi við það? Og eru utan- aðkomandi sammála viðhorfi Margrétar, Magnúsar, Hrefnu og Más – er sagnfræði gagn-

legt og gott nám sem nýtist í starfi að mati þeirra sem hafa með ráðningar að gera?

Karl Jóhann Garðarsson

SKJALFRÆÐI SEM AUKAGREIN Í SAGNFRÆÐI

Árið 1985 var í fyrsta sinn kennt námskeið í sagnfræði með heitinu Skjalasöfn og skjalavarsla. Námskeiðið var kennt í stundakennslu nokkurn veginn annað hvert ár til ársins 2005 þegar gerður var samningur milli Þjóðskjalasafns Íslands og Háskóla Íslands um fasta 50 prósent stöðu lektors í skjalfræði við námsbraut í sagnfræði. Í lok árs 2010 var samþykkt af hugvísindasviði að gera kennsluna í skjalfræði að aukagrein í sagnfræði og hefst kennsla í aukagreininni á kennslu- árinu 2011 til 2012 eins og að ofan greinir.

Námsleiðin er ætluð nemendum sem hafa hug á því að starfa á skjalasöfnum, hvort heldur sem skjalavörður á skjalasafni, við stofnun eða fyrirtæki. Námið nær til sígildra aðferða við skjalavörslu. Skoðaður er ferill skjals frá tilurð þess á skrifstofu yfir í fræðilega heimild, fjallað um gamlar og nýjar skjalavörsluaðferðir, frágang skjala í geymslu og gerð skjalaskrár, auk skjalalesturs og stjórnsýslusögu. Einnig er fjallað um nýjar áherslur og viðhorf í skjalfræðum m.a. um notkun og varðveislu rafrænna skjala, og lögð áhersla á heimildargildi skjala og notkun þeirra.

Aukagreinin er fyrst og fremst ætluð sagnfræðinemum, enda er góð undirstaða í þeirri grein for-

senda fyrir námi í skjalfræði og starfi á þeim vettvangi. Forkröfur eru 20 einingar í sagnfræði, það er Sagnfræðileg vinnubrögð og annað tveggja kjarnanámskeiða í Íslandssögu. Ekkert er því til fyrirstöðu að nemendur með aðra aðalgrein en sagnfræði taki skjalfræði sem aukagrein og eru forkröfur þær sömu og hjá sagnfræðinemum. Til greina kemur að önnur námskeið verði metin sem ígildi forkröfunámskeiða í sagnfræði og þarf að sækja um það til námsbrautar í sagnfræði.

Námið er 60 einingar og námsframboð miðar við að hægt sé að ljúka því á tveimur árum. Skyldu- námskeiðin eru samanlagt 40 einingar og samantanda nú af eftirfarandi námskeiðum: Skjalasöfn og skjalavarsla, Skjalavarsla á 20. og 21. öld, Skjalalestur 1550-1850, Stjórnsýsla á fyrri öldum, Vettvangsvinna á Þjóðskjalasafni og Hag- nýtt verkefni.

Að öðru leyti eru námskeið valfrjáls, hvort sem það eru sérhæfð námskeið í sagnfræði eða námskeið í öðrum greinum sem tengjast skjalavörslu og stjórnsýslu á einhvern hátt. Ár hvert verður birtur listi yfir þau námskeið sem mælt er með og sem kennd eru hverju sinni.

Kristjana Kristinsdóttir, lektor í sagnfræði

40 ÁRA AFÆMLI SAGNFRÆÐINGAFÉALGSINS

Sagnfræðingafélag Íslands fagnar á þessu ári 40 ára afmæli. Formlegur stofndagur félagsins var 30. september 1971 en unnið hafði verið að stofnuninni frá september 1970. Þetta var í raun annað félag sagnfræðinga en eldra félag með sama var stofnað árið 1953 en starfaði aðeins í nokkur ár.

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands hefur ákveðið að minnast tímamótanna í haust. Tillögur hafa komið upp um að félagið standi fyrir ráðstefnu, endurbæti vef félagsins og gefi út veglegt fréttabréf. Hér með er leitað til félagsmanna um efni á afmælisráðstefnu félagsins og í fréttabréfið.

WWW. SAGNFRAEDINGAFELAG.NET

UMSÖGN UM NÝ LÖG UM ÞJÓÐSKJALASAFN

Með auglýsingu á vef mennt- og menningarmálaráðuneytisins 8. desember sl. voru drög að nýjum lögum um Þjóðskjalasafn Íslands kynnt og gefinn möguleiki að senda inn athugasemdir við drögin. Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands sendi inn umsögn með bréfi dags. 30. desember sl. Starfsemi Þjóðskjalasafns, og annarra skjalasafna á landinu, varðar sagnfræðinga miklu. Því þótti stjórn Sagnfræðingafélagsins rétta að senda inn athugasemdir við drögin og eru þær helstu birtar hér á eftir. Frumvarpsdrögin má nálgast á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins, www.menntamalaraduneyti.is.

Samstarf við sagnfræðinga og skjalfræðimenntun
Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands gerði athugasemdir við að skv. drögunum er gert ráð fyrir að tengsl á milli sagnfræðimenntunar og Þjóðskjalasafns verði slitin. Í drögunum er gert ráð fyrir því að leggja niður stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands. Hún hefur verið skipuð þjóðskjalaverði, einum fulltrúa án tilnefningar, einum fulltrúa starfsmanna Þjóðskjalasafns og einum fulltrúa Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands, sbr. 2. gr. núgildandi laga nr. 66/1985. Hlutverk nefndarinnar er lögum skv. að hafa yfirumsjón með rekstri safnsins, marka safninu stefnu, hafa yfirumsjón með gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar og fjallar um eyðingu skjala afhendingarskyldra aðila. Jafnframt er gert ráð fyrir að ákvæði 5. mgr. 1. gr. núgildandi laga um að við safnið starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun falli á brott.

Með niðurlagningu stjórnarnefndarinnar er hætt við að þau mikilvægu tengsl Þjóðskjalasafns við Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, og háskólasamfélagið í heild, glatist. Þessi tengsl eru t.d. mikilvæg þegar kemur að því að móta stefnu í varðveislu og grisjun skjalasafna hér á landi eins og kveðið er á um að Þjóðskjalasafn skuli gera í 4. tl. 4. gr. núgildandi laga. Sjónarmið fræðimanna sem starfa við rannsóknir á sögu lands og þjóðar eru mikilvæg þegar kemur og mótun varðveislustefnu.

Nám í sagnfræði þjálfar nemendur m.a. í að rýna og meta heimildir, lesa skjöl, leita að heimildum og skilja gang og sögu stjórnsýslunnar. Allt eru þetta mikilvægir eiginleikar sem starfsfólk skjalasafna þarf að búa yfir, og önnur menntun gefur

ekki nema að litlum hluta. Í aldarfjórðung hafa nokkur námskeið í skjalfræði verið kennd í sagnfræði við Háskóla Íslands og nú nýverið hefur verið ákveðið að skjalfræði verði kennd sem aukagrein til B.A.-prófs við sagnfræði- og heimspékideild. Það er ekki síst vegna náins samstarfs Háskóla Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands að skjalfræðimenntun hefur verið kennd við háskólann. Á það er m.a. bent í greinargerð með drögunum um 10. gr. að „skipuleg þátttaka í uppbyggingu skjalfræðikennslu við Háskóla Íslands er brýnt verkefni sem stuðlar að þekkingu framtíðarstarfsmanna á vettvangi skjalavörslu“. Það skýtur því skökku við að loks þegar skjalfræðimenntun hefur öðlast sess aukagreinar að ákvæði um þá menntun verði tekin út úr lögum um Þjóðskjalasafn Íslands.

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands leggur því áherslu á að ákvæði um að við Þjóðskjalasafn starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun haldist óbreytt frá fyrri lögum. Jafnframt að ef stjórnarnefnd verði lögð niður að einhvers konar samstarfsvettvangi Þjóðskjalasafns Íslands við Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, eða önnur samtök sagnfræðinga, verði komið á, t.d. er varðar skjalfræðimenntun og mótun varðveislustefnu skjalasafna hér á landi.

Hlutverk safnsins

Í f-lið 3. gr. draganna segir að hlutverk safnsins sé að gangast fyrir rannsóknum á sögu landsins og miðlun þeirra. Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands fagnar mjög því ákvæði en hvarfar það að ekki skuli í greinargerð með drögunum verið fjallað sérstaklega um hvernig safnið eigi takast á við það verkefni. Mjög brýnt er að mati stjórnar félagsins að í greinargerð eða reglugerð um safnið verði það nánar útfært hvernig rannsóknarvinnu skuli háttáð og stingur stjórn Sagnfræðingafélags Íslands upp á því að a.m.k. tvö til þrjú stöðugildí á ársgrundvelli verði eyrnamerkt til rannsókna. Á það má benda að á handritasviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum svæðum eru starfsmenn sem sinna eingöngu rannsóknum á þeim skjölum sem þar eru varðveitt.

Einkaskjalasöfn

Skjöl einkaaðila eru ekki síður mikilvægur heimildir um sögu landsins en opinber skjalasöfn og geta þau jafnvel opnað nýja sýn á fyrri tíma

UMSÖGN UM NÝ LÖG UM ÞJÓÐSKJALASAFN

sögu. Einkaskjöl hafa menningarlegt gildi fyrir samfélagið og geta bætt miklu við aðrar heimildir um fyrri tíma.

Hér á landi hefur söfnun einkaskjalasafn því miður verið frekar tilviljanakennd en skipulögð, þó skjalasöfn hafi eftir bestu getu sinnt þessu verkefni. Skv. drögunum er Þjóðskjalasafni Íslands heimilt að taka við skjölum annarra en afhendingarskyldra aðila og er það sambærilegt ákvæði sem er í núgildandi lögum. Til þess að aðföng einkaskjalasafn verði markvissari, og mikilvægar heimildir um fyrri tíma varðveitist, er mikilvægt að í lögum um Þjóðskjalasafn Íslands verði kveðið sterkara á um varðveislu einkaskjalasafna og að Þjóðskjalasafn skuli móta aðfangastefnu fyrir einkaskjalasöfn.

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands mælist því til þess að í ný lög um Þjóðskjalasafn Íslands verði kveðið á um að hlutverk Þjóðskjalasafns skuli jafnframt vera varðveisla einkaskjalasafna og mótun aðfangastefnu fyrir landið um söfnun einkaskjalasafna.

Aðgengi að skjölum

Í fjórða kafla í drögum að lögum um Þjóðskjalasafn Íslands er farið yfir aðgang almennings og fræðimanna að skjölum í vörslu safnsins. Stjórn félagsins gerir athugasemdir við þá heimild sem þjóðskjalavörður fær í 18. grein þar sem honum er heimilt að synja aðgangi að skjali (að 110 árum liðnum) ef um „almannahagsmuni sé að ræða.“ Er hér að mati stjórnar félagsins um „opna“ heimild þjóðarskjalavarðar að ræða sem ekki er frekar útskýrð eða skilyrt í greinargerð með drögunum. Kallar stjórnin eftir nánari útskýringu á hvað löggjafinn eigi hér við, eða felli þetta ákvæði úr drögunum. Enda sé í 17. grein sett niður sú regla að skjöl er varða „virka“ almannahagsmuni séu fyrst aðgengileg þegar 60 ár séu liðin frá tilurð þeirra. Að mati félagsins eru 60 ára reglan nægjanleg fyrir skjöl sem falla undir þessa skilgreiningu og veit stjórn félagsins ekki um nein íslensk tilvik þar sem 60 ára reglan um aðgang almennings og fræðimanna að gögnum hafi á einhvern hátt haft áhrif á „virka“

almannahagsmuni.

Húsnæðismál Þjóðskjalasafns

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands benti jafnframt á að Þjóðskjalasafn Íslands væri ein mikilvægasta menningarstofnun og fræðastofnun þjóðarinnar enda vandséð hvernig rannsóknnum á sögu þjóðarinnar verði framhaldið með sóma ef ekki sé vel hlúð að safninu. Því sé mjög mikilvægt að við þessar breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands fylgi nægjanlegt fjármagn til þess að safnið geti uppfyllt hlutverk sitt enda hefur safnið verið í miklu og skammarlegu fjársvelli síðustu áratugi og nægir að nefna húsakost safnsins sem dæmi. Í því samhengi er rétt að rifja upp ályktun félagsins sem samþykkt var á málþingi 1. apríl 1989. Þessi sama ályktun var ítrekuð á opnum fundi félagsins 23. febrúar 2005 og var einnig ítrekuð í umsögn stjórnarinnar til mennta- og menningarráðuneytisins. Ályktunin hljóðar svo:

Mikilvæg forsenda fyrir rannsóknnum í sagnfræði er að fræðimenn hafi aðgang að góðum skjalasöfnum. Góð skjalavarsla er einnig hornsteinn í stjórnsýslu ríkisins. Í áraraddir hefur dregist að útbúa Þjóðskjalasafni viðunandi húsnæði. Með því að takmarka mjög fjárframlög til Þjóðskjalasafns er komið í veg fyrir að það geti starfað samkvæmt lögum og gegnt hlutverki sínu. Þessi stefna er ekki aðeins óhagkvæm fyrir ríkið, hún kemur einnig í veg fyrir að hægt sé að stunda margvíslegar rannsóknir á sögu og menningu þjóðarinnar. Málþing Sagnfræðingafélags Íslands hvetur ríkisstjórnina til að útvega Þjóðskjalasafni viðunandi rekstrarfé og ganga endanlega frá húsnæði þess við Laugaveg 162. Á þann hátt auðveldar hún stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og leggur þýðingarmikið lóð á vogarskálar íslenskrar menningar.

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands benti jafnframt á að e.t.v. væri ekki til betri afmælisgjöf þjóðarinnar á 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar, forseta og skjalavarðar, en að ráðist verði í nauðsynlegar umbætur og breytingar á húsakosti Þjóðskjalasafns Íslands.

UMSÖGN UM FRUMVARP UM NÝ UPPLÝSINGALÖG

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp að nýjum upplýsingalögum. Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands sendi inn umsögn með bréf dags. 16. mars sl. Upplýsingalög – sem og önnur lög sem fjalla um aðgang fræðimanna að skjölum – skipta félagsmenn miklu máli og má segja að varla sé til sú stétt sem hefur jafn ríka hagsmuni að því að greiður aðgangur sé að gögnum og sagnfræðingar. Stjórn Sagnfræðingafélagsins benti á í umsögn sinni að það skyti skökku við að allsherjamefnd Alþingis hafi ekki formlega leitað eftir umsögn frá félaginu um hin nýju lög. Hér á eftir fara helstu athugasemdir stjórnarinnar við frumvarpið. Frumvarpið má finna á vef Alþingis, www.althingi.is.

Hvað telst til vinnugagna?

Í núgildandi upplýsingalögum nr. 50/1996 eru vinnuskjöl skilgreind sem gögn sem stjórnvald ritar til eigin nota, sbr. 3. lið 4. gr. og eru þau undanþegin upplýsingarétti nema ef þau hafa að geyma endanlega ákvörðun máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annarsstaðar frá. Í frumvarpsdrögum til nýrra upplýsingalaga eru vinnugögn skilgreind á mun ítarlegri hátt en áður. Í hnotskurn teljast skjöl vinnugögn ef þau eru rituð til eigin nota, berast á milli stjórnvalda, þegar eitt stjórnvald sinnir störfum fyrir annað stjórnvald, hvort sem er ritarastörfum eða ráðgjöf, gögn sem unnin eru af nefndum eða starfshópum sem sett eru á fót með fastmótuðum hætti eða erindisbréfi.

Hér er um veigamikla breytingu frá núgildandi lögum að ræða. Til að mynda er opnað fyrir að fundargerðir og annað sem lagt er fram á fundum, sem haldnir eru með aðkomu fleiri en eins ráðuneytis, séu skilgreind sem vinnugögn og þar af leiðandi undanþegin upplýsingarétti. Ekki er séð út frá reynslu síðustu ára að núgildandi reglur hafi háð íslenskri stjórnvísu og í raun óásættanlegt að hér sé verið að þrengja að rétti einstaklinga til þess að fylgjast með störfum nefnda og ráða hins opinbera.

Beiðni um gögn má í undantekningartilfellum hafna

Í 15. gr. frumvarpsins er fjallað um málsmeðferð og það er við kemur beiðnum um aðgang að upplýsingum í vörslu hins opinbera. Í ljósi þess að starfsvettvangur sagnfræðinga er að stórum hluta ná tengdur opinberum gögnum er ljóst að allar breytingar á málsmeðferð beiðna skipta sagnfræðinga miklu máli. Að mati stjórnar félagsins eru núgildandi upplýsingalög skýr og einföld í þessu sambandi og sér félagið ekki hvaða brýnu ástæður liggja að baki breytingum á þeim ákvæðum.

Einnig gagnrýnir stjórn félagsins þá tvo liði 15. greinarinnar er lúta að rétti stjórnvalda til þess að hafna beiðni um upplýsingar á þeim forsendum að „meðferð hennar tæki svo mikinn tíma eða krefðist svo mikillar vinnu að ekki telst af þeim sökum fært að verða við henni[,]“ eða að sterkar vísbendingar séu að upplýsingabeiðnin sé „sett fram í ólögætum tilgangi“. Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands telur að í fyrri liðnum sé um að ræða matskennda reglu sem fámenn stjórnsýsla geti auðveldlega beitt fyrir sér á álagstímum og þar með komið í veg fyrir afhendingu upplýsinga í stærri og erfiðari málum, en rannsóknaspurningar sagnfræðinga kalla oft á mikla og nákvæma vinnu stjórnvalds. Stjórn félagsins telur að upplýsingalög ættu frekar að gera ráð fyrir lengri afgreiðslutíma í erfiðari upplýsingabeiðnum en almennt gengur og gerist, í stað þess að stjórnvaldi sé leyfilegt að hafna afgreiðslu í erfiðari málum. Varðandi seinni liðinn, þá sér stjórn Sagnfræðingafélags Íslands ekki hvernig stjórnvald eigi að meta á hlutlægan hátt hvort „sterkar vísbendingar“ séu um að upplýsingabeiðni sé sett fram í ólögætum tilgangi.

Heimild til gjaldtöku

Í 18. gr. frumvarpsdraganna er fjallað um gjald sem stjórnvöldum er heimilt að innheimta fyrir afrit af skjölum. Skv. drögnum ákveður forsætisráðuneytið gjaldskrá fyrir ljósrit og afrit gagna sem afhent eru eins og kveðið er á um í núgildandi lögum. Hins vegar er tekið fram að sú gjaldskrá eigi einnig að mæta þeim kostnaði sem af afrituninni „hlýst, þ.m.t. efnis- og launakostnaði og eðlilegum afskriftum af þeim búnaði sem notaður er við afritun gagna“.

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands finnst undarlegt að þeir sem óska eftir upplýsingum skuli þurfa að bera kostnað af tækjahaldi og launakostnaði hins opinbera. Ljóst að í einhverjum tilvikum getur kostnaður við afritun verið það hár, sér í lagi ef við hann bættist launakostnaður, að umbeiðandi þarf að frábiðja sér hann og getur það varla talist eðlilegt í nútíma þjóðfélagi. Hlutverk stjórnsýslunnar er öðrum þræði að þjónusta almenning. Til þess eru ráðnir starfsmenn og keypt tæki og kostnaður greiddur með skattpeningum. Sú hætta er fyrir hendi að meginreglan um að almenningur eigi rétt á upplýsingum sér að kostnaðarlausu fari halloka. Það að stofnanir og embætti ríkisins eigi að mæta föstum kostnaði vegna upplýsingalaga með innheimtu sértekna er óforsvaranlegt að mati stjórnar félagsins.

Fréttabréf Sagnfræðingafélags Íslands er prentað hjá Prentmet.

Efni í fréttabréfið má senda á njordur@hive.is

Áframsendið ekki!
Sagnfræðingafélag Íslands
Hringbraut 121, 107 Reykjavík
